

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sláturfélag Suðurlands Selfoss



| | | | |
|---------------------|------------------------|-------------------------|--------------------------------|
| Dags eftirlits | 4.10.2024 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Kristín Kröyer |
| Fyrirtæki | Sláturfélag Suðurlands | Eftirlitsmaður | Edda Sigríður Freysteinsdóttir |
| Heimili | Fossnes | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 600269-2089 | Flokkur | Sláturhús |
| Fulltrúi fyrirtækis | Reynir Björgvinsson | ÍSAT nr. | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Benedikt Benediktsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 4 frávik frá lögum, reglugerðum og kröfum í starfsleyfi er varða iðnaðarskólþ, mengunarvarnir við olíu- og úrgangsolíugeymi og geymslu spilliefna. Einnig voru settar fram fjórar ábendingar um það sem betur má fara í starfsemiinni er varðar mælingar í fráveitu og að yfirfara kælikerfin, losun blóðs í fráveitu og viðbragðsáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Sláturfélag Suðurlands þann 4. október 2024.

1. Yfirfara gögn gögn í fundarboði

Í eftirlitinu var rætt um þau gögn sem send voru með fundarboðinu er vörðuðu, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, gagnagrunn um mengaðan jarðveg og kynningu á innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá.

2. Eldri frávik og ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Frá síðustu tveimur eftirlitum heilbrigðiseftirliti suðurlands eru nokkur útstandandi frávik. Eitt þeirra er að há gildi af saurkókkum hafa mælst í fráveitu. Samkvæmt rekstraraðila eru gerðar mælingar einu sinni á ári í ánni. Þegar þessi aukning mældist var þrífum á kindastíu ný lokið. Verklagi hefur eftir það verið breytt á þann hátt að þrífum á stíunni er dreift yfir lengri tíma til að gefa færi á niðurbroti í rotþrónni og setþrónni. Rætt var um að rekstraraðili þurfi að framkvæma mælingar á vatninu þegar þriffin fara fram til að sjá hvort þessi aðgerð sé fullnægjandi.

Bætt hefur verið úr eldra frávikum er varðar rusl á lóð. Ekkert rusl var sjáanlegt á lóðinni í eftirlitinu.

Lekabyttu hefur verið bætt undir úrgangsolútank.

Frávik úr eldri skýrslu sem er enn opið er varðar magn lífræns efnis fyrir og eftir fastefna- og fituskilju. Engar mælingar hafa farið fram. Í grein 2.3 í gildandi starfsleyfi kemur fram að iðnaðarskólþ skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi og því mikilvægt að rekstraraðili sannreyni að hreinsivirkid virki sem skyldi.

Annað eldra frávik varðar að upplýsingar vanti um kælimiðilinn Kilfrost ALV í eftirlitinu kom fram að þetta kerfi er ammóníaks kerfi og sætir því ekki áfyllingarbanni. Hins vegar innihalda mörg kælikerfi mikið magn F-gasa sem sæta áfyllingarbanni og nauðsynlegt að skipta þeim út þegar kemur að því að fylla þurfi á þau.

3. Ábyrgðatrygging

Trygging er til staðar og var yfirfarin í eftirlitinu.

4. Mælingar skv. BAT

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafa verið framkvæmdar mælingar skv. BAT að einhverju leyti en að sumar þeirra hafi verið yfir þeim mörkum sem sett eru í BAT.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar

Viðbragðsáætlun er til staðar en hana þarf að uppfæra og færa inn fleiri tegundir af óhöppum sem gætu átt sér stað. Að svo stöddu er einungis áætlun vegna mengunar frá olíu og úrgangsolútanki.

6. Áætlun vegna rekstrarstöðvunar, varanlegrar og tímabundnar

Áætlunin var lögð fram í eftirlitinu.

7. Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Gögnum skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert.

8. Innra eftirlit sláturhúss

Farið var yfir innra eftirlitið og það sem rekstraraðili á að halda utan um samkvæmt starfsleyfinu.

a. Afstöðumynd, frárennislagnir og hreinsivirki er til staðar

b. Viðhald og tæming hreinsivirkja. Fellipræur voru tæmdar síðast 3. okt. en þær eru tæmdar hálfsmánaðarlega á sláturtíma.

c. Gerð kæli- og frystiklefa ásamt viðhaldi.

i. Innleiðing á viðhaldskerfi stendur yfir.

d. Meðhöndlun úrgangs, magn og gerð.

i. Nánast engin spilliefni eru send frá starfseminni, en þarf að yfirfara og setja inn í gæðahandbókina.

Í dag er Klappir notað til að halda utan um úrgang frá starfseminni.

e. Mengunaróhöpp hafa ekki orðið hingað til.

f. Kvartanir

i. Ljós kvörtun vorið 2024. Hefur verið bætt úr.

ii. Kvörtun fyrir 4 árum varðandi sviðun á hausum. Hefur verið lagað.

9. Forhreinsun iðnaðarskólps

Skólp frá rekstrinum fer allt í gegnum fastefnaskilju og fituskilju áður en það fer út í kerfi sveitarfélagsins og síðan út í á. Mest öllu blóði frá slátruninni er einnig veitt í gegnum þessar skiljur og út í á.

10. Loftmengun

Lofttúður á slátruhúsinu er með víftum en ekki er vitað hvort einhver filter er á túðunum. Ekki var sjáanleg rykmengun í kringum starfsemina og ekki hafa borist kvartanir til stofnunarinnar varðandi ryk eða lyktarmengun.

11. Magn úrgangs sem brennt er

Samkvæmt starfsleyfi má brenna allt að 260 tonn á ári. Árið 2023 voru brennd 175 tonn af úrgangi sem er vel innan marka starfsleyfisins.

12. Vottun brennsluofnsins

Í starfsleyfinu kemur fram krafa um að brennsluofninn skuli hafa hlotið vottun hjá opinberum aðila á Evrópska efnahagssvæðinu, ekki er nánar tilgreint hvers konar vottun. Einhverjar vottanir eru á upplýsingabæklingi um brennsluofnin en skoða þarf betur hvaða vottanir starfsleyfið gerir kröfu um.

13. Geymsla sláturúrgangs

Geyma skal sláturúrgang í kældu rými innandyrna eða lekaheldri og þéttri kæligeymslu utandyra. Rekstraraðili safnar sláturúrgangi í gám utandyra sem er losaður einu sinni til tvisvar sinnum á dag og farið með í Orkugerðina. Nautshausum er safnað í kæligám sem geymdur er utandyra.

14. Staðsetning brennsluofns

Í starfsleyfinu kemur fram að brennsluofninn skuli vera staðsettur á lekaheldu undirlagi og að niðurföll skulu fanga sláturleifar. Í eftirlitinu kom fram að ofninn er á steypu plani, en ekki er steypu undirlag sunnan við ofninn. Einnig kom fram að niðurföllin eru ekki til þess gerð að fanga sláturleifar en þar sem að stærstum hluta eru einungis brenndir nautgripahausar og mænur er það ekki til þess fallið að fara ofan í niðurföllin.

15. Innra eftirlit fyrir brennsluofninn

Farið yfir innra eftirlitið

a. Afstöðumynd fyrir fráveitulagnir, olíutanka og hreinsivirki er til staðar.

b. Þjálfun starfsmanna brennsluofnsins. Að mestu leyti einungis einn starfsmaður sem sér um ofninn, ekki er haldið sérstaklega utan um þjálfun hans.

c. Viðhald á ofni, tæming hreinsivirkja. Ofninn er þrífinn og hreinsaður eftir hvern bruna. Ekki er til skrá yfir það hvernig viðhaldinu er sinnt en verið að innleiða kerfi í að halda utan um allt viðhald.

d. Meðhöndlun úrgangs, magn og gerð. Sérstaklega magn sláturúrgangs sem er brenndur. Nákvæm skráning úrgangs er í gegnum klappir.

e. Hitastig við brennslu er skráð fyrir hverja einustu brennslu.

f. Mengunaróhöpp hafa hingað til ekki orðið.

g. Kvartanir hafa ekki borist rekstraraðila.

16. Kvartanir

Kvartanir vegna rekstursins hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar.

17. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits

Farið var yfir áhættumatið í eftirlitinu.

18. Vettvangsferð

Við skoðun á olíugeyminum við brennsluofninn kom í ljós að afgreiðslubyssan lekur. Mikilvægt er að lagfæra það hið snarasta.

Raftækjaúrgangur er geymdur í opnu kari á lóð. Rekstraraðili sendi mynd samdægurs sem sýnir að búið er að loka karinu.

Úrgangsolíutankur á lóðinni er án áreksrarvarna. Rekstraraðili sendi mynd samdægurs sem sýnir að tankurinn er nú

með bæði leka- og árekstrarvörn.

19. Annað

Engar mælingar hafa verið gerðar á útblæstrinum úr brennsluofninum. Engin hreinsun er á reyknum önnur en eftirbruni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 2.3 í starfsleyfi

Iðnaðarskólp skal forhreinsað áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka. Engar mælingar hafa verið gerðar á magni lífræns efnis fyrir og eftir fastefna- og filtuskiljuna til að staðfesta hreinsigetuna.

gr. 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Öruggar mengunarvarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Afgreiðslubýssa á eldsneytisgeymi við brennsluofninn lekur og mengunarvarnir því ekki tryggðar.

gr. 50 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Allir olíugeymar skulu staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolíutankur var í eftirlitinu án árekstrarvarna.

gr. 8.1 í reglugerð 806/1999 um spilliefni.

Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum. Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnakar var óvarið fyrir veðri og vindum.

ÁBENDINGAR

1. Framkvæma þarf mælingar á saurgerlum í fráveitunni við þríf á kindastfu til að staðfesta að þær úrbætur sem farið hefur verið í til að draga úr saurmengun séu nægjanlegar.
2. Mikilvægt er að fara yfir kælikerfin með tilliti til þess hvort þau sæti áfyllingarbanni og gera áætlun um endurnýjun þeirra kerfa.
3. Rekstraraðila er bent á að skoða losun á blóði í skólp en það samræmist ekki matvælalöggjöfni.
4. Mikilvægt er að uppfæra viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og bæta inn þeim áhættuþáttum sem til staðar eru í rekstrinum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.11.2024



Kristín Kröyer